

911 / Gammat

HEIMIR





EFNISYFIRLIT

Við Óminnis eftuna	Stephan G. Stephansson
Þeska	Ríttj.
Bréf til orthodox vinar	Rev. Stephen Peebles
Argengi	Ríttj.
Kabtrúin	Ríttj.
Þótt úti í hafi	E. Á.
Vilhjálmur í mylnunni	Robert Louis Stevenson
Sameining kyrkna [þýtt]	Ríttj.



MODERN

TIMBUR!

 VÉR höfum miklar byrgðir af tegldu og óteglðu timbri.
 Vor innanhús "Finishing," Gluggakarmar, Hurðir og Listar, eiga enga sína jafningja. Eitt borð eða vagnhlass.

Komið til vor!

The Empire Sash & Door Co. Limited

Henry Avenue, East

BARNALÆRDOMSKVER ÚNÍTARA

er til sölu hjá þessum mönnum:

Sveini Thorvaldssyni, Icelandic River; Sigurði Péturssyni, Árnes; B. B. Olson Gimli; séra Rögnv. Péturssyni, Winnipeg; séra Guðm. Árnasyni, Winnipeg; Guðmundi Guðmundssyni, Mary Hill; Nielsi Hallsyni, Mary Hill; séra Albert E. Kristjánssyni, Lillesve; Ólafi Péturssyni, Foam Lake; Magnúsi Bjarnasyni, Mountain; Einari Einarssyni, Pine Valley; og flestum íslenskum bóksölum. :: ::

VERÐ: 35 cent



VIÐ ÓMINNIS-ELFUNA.



Þegar hljóma, hetjum geymdir,
hæstu strengir lofi hreimdir,
undanfarar öldum gleymdir
þá eru mínir menn. —
Reisið bautann björgum hærril
Bak við eru svipir stærri:
Skuggarnir horfðu' en uppi enn.

Þeirra, er fyrst að frægum störfum
fóru í tímans ljósaðvörfum,
áður en mönnum morgun-djörfum
vaknaði ræna' og ras. —
Saga og guðspjöll þó að þegi
— þá í ómegð — var samt eigi
Skírarin meiri' en Messías?

Yfir húmsins hamra-bogann
hleyptu einir vafurlogann.
Engra sjón að sjá þá vogan,

vitið og samúð svaf. —
 Ristu, deigðum brandi' í báli,
 brynju guðs úr dvala-stáli
 mannanna beztu ástum af.

Dóu sælt, þó sænst eigi. —
 Sólskins-von er fegri degi,
 Birtan, sem að sé á vegi
 Yfir um hvol og hvamm. —
 Gleði' í hægðum hjarta-taugum,
 hetju-ljómi í brostnum augum.
 deyjandi upp í dagsbrún fram.

5.—5.—'12.

STEPHAN G. STEPHANSSON.



Æ S K A.



Æska og fullorðinsár eru mjög oft borin saman. Það er lang almennast að skoða æskuna sem þann hluta mannsæfningar, sem er einkendur af draumum og laus við alla þá varfærni, sem reynsla og þekking á lífinu kenna mönnum að nota. Fullorðins-árin, aftur á móti, eru skoðuð sem sá hluti æfningar, er allar fyrirætlanir eru komnar í fast horf og maðurinn hefir lært að meta alla hluti rétt og skynsamlega. Orðin "að komast til vits og ára" benda á, að hinn almenni skilningur hafi verið, að þetta tvent færi saman; árin færi mönnum einhverja sanna lífsspeki, sem æskuna skorti svo tilfinnanlega.

Þetta almenna álit er mjög ónákvæmt, eins og flest almenn álit. Það er ekki nærri alt af að æskan, þau árin, er maðurinn er að færast af barnsaldrinum yfir á fullorðinsaldurinn, er tíma-bil drauma og óvarfærnar framsóknar. Og ekki er það heldur

rétt að fullorðinsárin séu æfinlega hjá öllum einkend af staðfestu og varúðarfullri afstöðu gagnvart hverju og einu utanaðkomandi. Fjöldi margt fólk er hrein og bein undantekning frá þessu. Sumir menn lifa í raun og veru enga æsku, þeir eru orðnir gamlir strax og þeir komast af barnsaldrinum; en aðrir eru síngir þó þeir lifi sjötíu eða áttatíu ár.

Almenningi hættir mjög við, að kenna upplaginu um fjölda margt, bæði ilt og gott, í fari manna. En þegar vel er að gáð, er auðsætt, að upplagið skapar ekki manninn nema að hálfu leyti. Uppeldi og áhrif á æskuárunum leggja sinn skerf til; og sá skerfur er mjög þýðingarmikill. Það, hvort maðurinn í raun og veru lifir nokkurn tíma æsku, eða hvort hann færir alt í einu af barnsaldrinum yfir á fullorðins árin, er meira undir uppleði og áhrifum komið en upplagi í flestum tilfellum.

Líkamlegur þroski fylgir náttúrlega sínum vissu lögum í flestum tilfellum, og þó rétt uppleði geti haft mikil áhrif á hann, þá samt sem áður verður honum ekki breytt til muna, hvorki flýtt eða seinkað svo það sé takandi til greina. En það eru ekki þroskastig líkamans, sem afmarka æskuna; hún er fremur sálarástand, sem hefir ekki samsvarandi ytri einkenni.

Hin stærsta breyting, sem verður í lífi hvers einstaklings er það, er hann vaknar til meðvitundar um lífið og sjálfan sig. Barnið hefir enga verulega hugmynd um heiminn umhverfis sig, sem eitthvað í skarpri mótsetningu við sjálft sig; það byrjar á því að biðja um tunglið fyrir leikfang og löngu eftir að það er búið að fá réttan skilning á fjarlægð er heimurinn þó í huga þess eitthvað, sem er til fyrir það sjálft. Sjálfsmeðvitund þess er einnig lítt þroskuð. Af þessu leiðir að breytingin í hugsunarhætti og afstöðum verður svo mikil, þegar meðvitundin um eigin persónuleika í mótsetningu við alt annað ryður sér til rúms í sáluinni; þá færir maðurinn af barnsaldrinum yfir á hin eiginlegu æskuár.

Þegar þessi mikla breyting verður, þá er eðlilegast að hugurinn sé eins og opinn fyrir öllu og hafi sjálfræði til að velja og aðhyllast eftir geðþótta hvers einstaklings. Að eins þarf hann að vera svo undirbúinn, að hann þekki hvað er skaðlegt fyrir

lífið sjálft og manndóminn. En það sem er óhjákvæmilegt fyrir sanna æsku er frjálsslyndi, það sálarástand, að hugur og tilfinningar séu ekki frá upphafi svo beygð í einhverjar vissar áttir, að margt af því sem menn hugsa fari algerlega fram hjá þeim.

Það ætti að vera einkaréttur æskunnar, að koma út í lífið með óbundnar hendur, að fá að prófa alt, eins og Páll postuli komst að orði. Þenna einkarétt ætti hún að hafa, vegna þess, að án hans getur hún hvorki skilið lífið, eins og það á að skiljast, né tekið réttar afstöður. Sumir unglingar eru afturhaldssamir. Þeir eru ákafir talsmenn viðtekinna stjórnmalaskoðana eða trúarbragðakenninga. Þeir eru gamlir í anda strax í æsku, þeir þekkja í raun og veru aldrei hið dýrðlega frelsi æskunnar, vita ekki hvað það er, að koma inn í fjölbreytt andlegt líf, fá að kynnast því til fulls og mega tileinka sér það, sem snertir hljóm-dýpstu strengi sálarinnar.

Aftur á móti eru þeir sem hafa þennan einkarétt æskunnar og varðveita hann, ungir í anda fram á elliár. Þeir hafa ávalt hið sanna frjálsslyndi, að hafa hugann opinn fyrir öllu sem krefst eftirtektar og umhugsunar. Þeim getur stöðugt farið fram í því að meta hlutina, dómgreind þeirra getur þroskast, en þeirra sálarlega æska helst óbreytt.

Það er misskilningur að hugsa sér íhugunarleysi, fljótræði og stefnuleysi ávalt í sambandi við æsku, en alt það sem veitir lífinu staðfestu í sambandi við fullorðinsár. Þetta er miklu fremur undir vitsmunum og alvöru komið. En aðaleinkenni æskunnar er frjálsslyndið og fúsleikinn til að komast til réttar þekkingar og skilnings. Þeir sem aldrei hafa átt þetta frjálsslyndi þekkja ekki æskuna sem sálarástand.

Bréf til orþodox vinar.

Eftir Rev. STEPHEN PEEBLES.

Þú spyrð, hvort ég trúi Nýjateamentinu og kenningu þess.

Viðvíkjandi fyrri hluta spurningar þinnar get ég sagt, að ég hefi nokkur eintök af Nýjateamentinu, þar á meðal þrjár mismunandi þýðingar við hendina. Ég hefi lesið allar þessar þýðingar æði oft og borið þær saman; ég hefi kynt mér vandlega gagnrýni þeirra, sem mest og bezt hafa rannsakað Nýjateamentið, eftir því sem mér hefir verið unt að ná í rit þeirra; ég álit að það (Nýjateamentið) hafi verið til ómetanlegs gagns fyrir heiminn. Ef alt þetta bendir á að ég hafi trú á Nýjateamentinu, þá sannarlega hefi ég hana.

En ef þú hafðir annað í huga, þegar þú spurðir, hvort ég tryði Nýjateamentinu, ef þú vildir vita, hvort ég tryði því þannig, að ég léti það koma í staðinn fyrir mína eigin skynsemi og samvizku, þá vil ég segja, og leggja áherzlu á, að ég trúi því ekki á þann hátt. Og meira að segja, ég hefi svo litla trú í þeim skilningi, að ef ég héldi, að það væri nokkur hætt á, að ég mundi nokkurn tíma trúa að eitthvað væri satt og rétt, að eins vegna þess að Nýjateamentið segir að það sé satt og rétt, þá skyldi ég brenna hvert eintak, sem ég á af því, þrátt fyrir á-nægjuna sem ég hefi haft af að lesa það, og aldrei framar lesa einn einasta kapítula í því. Því þó ég viðurkenni, að það sé ein sú þýðingarmesta bók, sem nokkurntíma hefir verið rituð, þá samt sem áður verður það smátt, þegar það er borið saman við jafnvel hina lítilmótlegustu manssál; og ég væri heimskari en ég get ímyndað mér að ég sé, ef ég setti mína sál undir stjórn þess.

Hvað síðari hlutanum af spurningu þinni viðvíkur, þá býst ég við að þú viljir vita, hvort ég veiti viðtöku kenningu — eða öllu heldur kenningum, því þær eru margar — Nýjateamentis-ins. Í síðasta bréfi mínu sagði ég, að ég veitti viðtöku, og það

fúslega, því sem ég skoða sem aðal kenningu guðspjallanna, nefnilega að maðurinn sé Guðs barn. En það er margar aðrar kenningar að finna í guðspjöllunum og bréfum Nýjatestamentisins, sem ég trúi alls ekki. Til dæmis kenningarnar um persónu Jesú. Ég finn í Nýjatestamentinu þrjár vel aðgreinanlegar hugmyndir um það, hver og hvað Jesús var, og ég veiti ekki neinni þeirra viðtöku. Ég gæti ekki trúað þeim öllum, því ef ein þeirra er sönn, þá geta ekki hinar verið sannar. En ég hafna þeim öllum. Ég hafna hugmynd fyrstu þriggja guðspjallanna að hann hafi verið Messías Gyðinganna, sem mundi, eftir skamma dvöl í himnaríki, koma aftur og endurstofna ríki Israels; sagan segir mér að hann hafi ekki komið aftur. Ég hafna skoðun Páls um annan Adam, vegna þess að ég hefi orðið að hafna skoðun hans um hinn fyrsta Adam, sem uppfyllti ekki fyrirætlun skaparans. Ég hafna kenningu fjórða guðspjallsins um að hann væri Orðið, sem varð hold, því heimspekin, sem sú kenning var byggð á, leið undir lok fyrir hundruðum ára.

Enn fremur hafna ég kenningunni um að djöflar geti tekið sér bústað í mönnum, sem er augsýnilega haldið fram í fyrstu þremur guðspjöllunum, og þeirri kenningu, að hinir fornu spámennt hafi getað séð fyrir óorðna hluti, kenningunni um bústað dauðra í undirheimum og kenningunum um að sá tími mundi brátt koma er enginn dauði væri til.

Í raun rétttri er varla nokkur vísindaleg og heimspekileg hugmynd, sem höfundar Nýjatestamentisins höfðu, sem ég get aðhylt. Þig mun varla undra á þessu, þegar þú hugsar um, að heimurinn, eins og þeir gerðu sér hugmynd um hann, var alveg ólíkur því sem vísindi nútímans hafa sýnt oss, og að þeir þektu ekki neitt til náttúrulögmáls, sem vér þekkjum, og sú þekking hefir svo afarmikil áhrif á allar hugmyndir vorar. Til þess að vera þeim samdóma um þessa hluti, yrði ég að biðja Herschel að þekja yfir hinn ómælandi stjörnugeim og gefa mér aftur himinfestinguna, með vötnum fyrir ofan og skýjum fyrir neðan, finna fyrir mig hinn þriðja himin, þar sem postulinn heyrði hin ósegjanlegu orð; og krefjast þess af Darwin að hann tæki í burtu

aldurstímabil jarðfræðinnar og gefi mér aftur hian þægilega sex þúsund ára aldur jarðarinnar.

En það er einn hluti lífs vors, sem engin umskifti í skoðunum og engin vaxandi þekking geta breytt. Kærleikur er ávalt betri en hatur; góðvilji betri en illvilji; hjálpssemi við aðra betri en að setja fyrir þá erfðleika; fyrirgefning betri en hefnd; sannleikur betri en lýgi; hreint líf betra en svall og óregla. Er þessi sannleikur kendur í Nýjateamentinu? Mér virðist svo, og ég vil taka fram, að ég ekki að eins viðurkenni hann, heldur trú á hann með öllum mínum huga og hjarta.

Mér virðist að ég geti ekki fengið betra tækifæri en þetta til að segja hvaða munur mér sýnist vera á mínum skoðunum og þínum. Þú virðist um fram alt óska eftir að þínar fyrri syndir séu þér fyrirgefna; mér finst fyrirgefningin ekki eftirsóknarverð, heldur að eins það, að ég syndgi ekki í framtíðinni. Þú virðist hafa þá skoðun að það sé mest áriðandi að fá laun; mér finst að verðleikarnir séu þýðingarmestir. Þú vonar eftir himnaríkis sælu eftir þetta líf; ég treysti að í þessu lífi eða hverju öðru lífi, sem mér er gefið, að ég geti orðið kærleiksfyllri, góðviljaðri, lotningarfullri, meira sannleikselskandi og hreinlífari. Þú vilt umflýja helvíti sem hið óttalegasta er til sé; ég álst að hið óttalegasta, og það sem ég þurfi að umflýja, sé hatur, illvilji, hefnd, lotningarleysi, lygi og saurlifnaður. Þú segir, að ég sé í hættu staddur, og ég er því samdóma. En ég held að þú eigir við að ég sé í þeirri hættu, að verða fyrir reiði Guðs, þar sem ég á við að ég sé í þeirri hættu að gera það sem er rangt. Þú heldur auðsjáanlega að það sé ýmislegt, sem maður eigi að trúá, þar sem ég held, að maður ætti af öllum kröftum að reyna að forðast að láta tilhneigingar sínar tefja fyrir sannleikanum.

Hið óheppilega orðaval mitt í þessari síðustu grein getur gefið ástæðu til að ætla, að ég skoði sjálfan mig áhugameiri í því að gera það sem er rétt og forðast það sem er rangt, en þig. En ég fullvissa þig um að ég ætlaðist ekki til að orð mín bæru þá meiningu. Ég vildi að eins sýna fram á, að hvatir okkar eru mismunandi; þú vilt gera það sem rétt er vegna þess góða, sem af því leiðir, ég vil gera það sem rétt er vegna þess að það er í

sjálfu sér gott. Ég býst við, að þú trúir, að Jesús hafi ekki gert það sem rétt var vegna vonar um laun. Þú mundir segja, að hann hafi verið Guðs sonur, og hafi gert það rétta eins og Guð sjálfur, vegna þess að það var rétt. En þú veizt, að ég trúi, að við séum einnig Guðs synir, og þekkjum ekki að eins illar og góðar afleiðingar, heldur einnig gott og ilt fráskilið afleiðingum.

Í öðru bréfi — ef þú kærir þig um annað og vilt minna mig á það, því ég kann að gleyma því — skal ég segja þér mitt álit á fæðingarsögunni í Mattheusar og Markúsar guðspjalli.

Arfgengi.

(Brot úr ræðu).

Í einu af leikritum norska skáldsins mikla, Henriks Ibsens, er arfgengið látið birtast í átakanlega sorglegri mynd, en þó mjög einkennilegri. Það er í leiknum "Afturgöngurnar". Þar er brugðið upp mynd af heimilislífi vel metins og efnads manns. Enginn utan heimilisins veit að hann er lauslátur óreglumaður og að siðferði hans er að eins til að sýnast sæmdarmaður í augum almennings. Hann á einn son, sem er að ýmsu leyti vel gefinn maður, en sem hefir tekið í arf þær tilhneigingar, sem faðirinn reyndi aldrei að stríða á móti. Sonurinn getur ekki strítt á móti þeim, hann hefir ekkert siðferðislegt þrek til þess, þær eru sjúkdómur í honum, hann er líkamlega svo veiklaður, að hann missir alt vald yfir sjálfum sér, þegar hann þarf mest á því að halda. Bæði hann sjálfur og móðir hans sjá, að hann er einu sinni ekki fær um að sýnast siðferðisgóður fyrir almenningi, eins og faðir hans hafði gert. Þau finna bæði til þess að hann er aumingi, og að alt það nýtilega, sem er til í honum verður að eyðileggjast vegna þrekleysisins, sem gerir honum ómögulegt að hafa stjórn á sjálfum sér.

Í þessum sorgarleik, sem er snildarlega saminn, eins og alt eftir höfund hans, koma hin voðalegu afdrif algers kæruleysis og hugsunarleysis um framferði, ef að eins tekst að láta það líta þólarlega út í augum almennings, í ljós. Og afleiðingarnar snerta ekki þann sem er kærulaus, þær koma allar fram á afkomanda hans, sem er alveg hjálparlaus gagnvart þeim. Lestirnin eyðileggja ekki líf og velferð þess, sem gerir sig sekan í þeim, heldur annars manns, sem er ekki sekur um neitt, sem er svo óhamingjusamur að eiga slíkan mann fyrir föður.

Margir álíta, að líkindum, að hér sé of mikið gert úr arfgeginu. Skáldið hafi lagt meiri áherzlu á hugmyndina en hægt sé að styðja með vísindalegum sönnunum. Það er víst erfitt eða jafnvel ómögulegt að dæma um, hvenær of mikil áherzla er lögð á arfgengis hugmyndina og hvenær mátulega mikil áherzla er lögð á hana. Tilgangur skáldsins hefir auðvitað verið sá, að gera sannleika, sem hann var sannfærður um, ljóslifandi fyrir öðrum, láta hann brennast inn í meðvitund manna.

Enginn maður getur verið í vafa um að arfgengi er mjög þýðingarmikill þáttur í lífi hvers manns. Vér líkjumst öll feðrum vorum og mæðrum í sjón að meira eða minna leyti og vér líkjumst þeim í reynd. "Eplið fellur ekki langt frá eikinni", eins og málshátturinn segir. Mennt hafa t. d. veitt því eftirtekt, að í Bandaríkjunum voru á síðast liðinni öld fleiri miklir stærðfræðingar upprunnir í bæ einum á Atlantshafsströndinni en allstaðar annarstaðar í landinu. Og einmitt í þessum bæ stunduðu flestir menn siglingar landa á milli áður en farið var að nota gufuskip. En það er öllum kunnugt að skipstjórar á seglskipum þurfa manna mest á mælingum og reikningi að halda. Hér er um arfgengi að ræða en ekki tilviljun. Annað dæmi um arfgengi, sem oss er öllum kunnugt, má benda á. Það hefir verið sagt, að mig minnir, af einhverjum, að á engu þektumst vér Íslendingar eins fljótt úr hópi annara þjóða fólks og göngulaginu. Þetta er efalaust satt, að minsta kosti um fólk úr sumum hlutum Íslands. En hvers vegna? Vegna þess, að sökum illra og ónógra samgöngufæra hafa menn á Íslandi öldum saman borið þungar byrðar yfir vonda vegi. Þaðan er komin bakbeygjan og

hálfþreytulega göngulagið, sem einkennir oss Íslendinga og gerir oss jafnvel auðþekta frá fólki af öðrum þjóðum.

Enn þá eitt dæmi skal ég til nefna, sem er að vísu ekki augljóst, en sem hver læknir gæti sagt oss um. Margt sem menn neyta hefir langvarandi áhrif á taugakerfið, t. d. allir æsandi drykkir. Menn hafa byrjað að nota þá vegna þessara áhrifa. Stundum eru áhrifin skaðlítill eða alveg óskaðleg, en stundum eru þau stórhættuleg. Börn mjög mikilla drykkjumanna eru miklu fremur upplögð til drykkjuskapar en börn annara manna. Það er náttúrulega ekki sjálfsagt að þau leggist í ofdrykkju. En byrji þau að drekka, þá hafa þau margtalt minna þrek til að standa á móti drykkjuástríðunni en aðrir. Eins er það sannað, að þeim er hættara við ýmsum taugasjúkdómum en öðrum, sem stafar af hinum veikjandi áhrifum, sem áfengið hefir haft á taugar feðra þeirra.

Það mætti telja upp fjölda mög fleiri dæmi um arfgengi, bæði þau sem allir geta séð og þau sem vísindalegar rannsóknir leiða í ljós. Hið góða og nýtilega gengur í arf frá foreldrum til barna engu síður en hið illa og skaðlega. Arfgengið er sannleikur, sem enginn, sem vit hefir á, mótmælir. Hvað ætti sá sannleikur að kenna oss? Hann er vissulega of þýðingarmikill til þess að vér veitum honum engan gaum. Það er í raun og veru ekki nema eitt sem hann getur kent oss, og það er, að vér ættum að lifa þannig, að afkomendurnir taki sem fæst í arf frá oss, sem verður þeim til ills — vér ættum að lifa með tilliti til velferðar afkomendanna, ekki að eins hvað snertir þátt-töku vora í opinberum málum, heldur einnig hvað einkamálum vorum og persónulegu framferði viðvíkur. Margir ungir menn byrja lífið með þá skaðlegu skoðun, að þeir eigi að njóta lífsins á þann hátt, að lifa eftir tilhneigingum sínum á meðan þeir geti— það sé einkaréttur, sem síðar verði af þeim tekinn, þegar út í alvöru lífsins sé komið. Þessi skoðun er auðvitað algerlega röng, því það, að tilhneigingarnar eru til, veitir engan rétt til að fylgja þeim. Fyrst verður að vera einhver skilningur á því, hvort þær eru góðar eða illar. Að segjast ætla að njóta lífsins þýðir oft ekkert annað en það, að segjast ætla að hafa litla eða

enga stjórn á sjálfum sér. Og enginn maður í byrjun lífs síns hefir rétt til að segja það. Enginn hefir rétt til að fara með líf sitt þannig, að það verði orsök til ófarsældar fyrir aðra. Og þó einhver vilji fórna sinni sönnu velferð á altari nautna sinna, hefir hann ekki rétt til þess, því hann veit ekki nema hann um leið geti verið að fórnfæra velferð afkomenda sinna.

Babtrúin.

Öll stærri trúarbrögð heimsins eru skift í fleiri eða færri trúflokka. Hvergi hafa kenningar neins trúarbragðahöfundar né neinnar kyrkju getað haldist óbreyttar til lengdar hjá öllum, sem hafa játað sig fylgjendur þeirra; einhver skoðanamunnur hefir komið upp, svo fylgjendurir hafa klofnað í smærri flokka. Múhamedstrúin, sem er ein hinna útbreiddustu trúarbragða í heiminum, skiftist í flokka, sem greinir á sín á milli um ýmsar kenningar og útskýringar á helgiriti Múhamedstrúarmanna, Kóraninum. Einn þessara flokka heitir Shia, eða trúflokkur hinna tólf Ímama. Sá flokkur er í Persíu og hefir frá því á sextánda öld verið undir vernd ríkisins. Shia-trúin er ríkistrú þar.

Samkvæmt skoðun þessa flokks voru Ímamarnir, sem öðru hvoru sátu að völdum í ríki því, er fylgjendur Múhameds settu á stofn, hinir réttu stjórnendur. Sá fyrsti þeirra var tilnefndur af Múhamed sjálfum sem eftirmaður hans. Tólf Ímamar voru við völd, og hinn síðasti þeirra dó árið 940, eða, eins og Shia-trúarmenn halda fram, hvarf úr heiminum án þess að deyja og settist að á óþektum stað. Þaðan á hann að koma aftur, þegar ranglætið er orðið yfirgnæfandi í heiminum, og burtrýma ranglætinu með réttlæti. Við og við þóttust menn verða varir við, að tími væri kominn fyrir hinn síðasta Ímam, að koma aftur, sérstaklega voru þess konar spádómar tíðir um árið 1840, en þá

voru nærri því þúsund ár liðin frá því er hann hafði komist til valda.

Árið 1844 byrjaði ungur maður í Persíu, Mirza Ali Múhammad að nafni, nýja trúarbragða hreyfingu, sem á skömmum tíma náði afarmikilli útbreiðslu. Maður þessi nefndi sig Bab, sem þýðir hlið. Hann sagði að í gegnum sig kæmi guðleg opinberun, sem hefði verið útilokuð frá heiminum síðan hinn síðasti Ímam var uppi. Hann gerði enga kröfu til að vera skoðaður Ímam sjálfur, en kvaðst vera fyrirrennari annars, sem kæmi á eftir sér. Mirza Ali Múhammad, eða Bab, eins og hann var ávalt nefndur eftir það af fylgjendum hans, fékk strax nokkra áhangendur. Þegar hann var spurður að, hvernig hann gæti sannað, að hann hefði æðri köllun en hver annar maður, sem kæmi fram með nýjar skoðanir, svaraði hann því til, að hann gæti undirbúningslaust ort um hvaða efni sem væri, og án þess að hafa nokkra þekkingu á því. Einn af þeim, sem ekki voru sannfærðir um köllun hans, fékk honum verkefni úr Kóraninum til að yrkja um, segir sagan, og á örstuttum tíma framleiddi hann afarlög ljóð, svo full af mælskukrafti að sá sem fékk honum verkefnið sannfærðist um að hann hefði fengið guðlega köllun.

Sama árið og Mirza Ali Múhammad hóf hreyfingu sína fór hann til Mekka, hinnar helgu borgar Múhamedstrúarmananna. Þar boðaði hann trú sína fyrir fjölda pílagríma, sem voru víðsvegar að komnir. Síðan fór hann heim aftur til Persíu og sendi út trúboða, sem hann valdi úr hópi fylgjenda sinna. Á meðal þessara trúboða voru átján, sem voru nefndir höfuðpostular. Þeir ferðuðust um og sögðu frá hinum nýju kenningum og kváðu höfund þeirra geta ort trúarljóð er tækju fram því sem stæði í hinni heilögu bók (Kóraninum) og að það væri næg sönnun fyrir að hann væri Bab, hliðið, sem guðleg opinberun birtist í gegnum á ný.

Múhamedstrúarprestarnir risu upp á móti hinni nýju hreyfingu, þegar þeir sáu að útlit var fyrir að hún mundi breiðast út. Þeir komu því til leiðar, að allir stuðningsmenn hennar voru grimmilega ofsóttir, hvar sem þeir náðust. Mirza Ali Múhammad var tekinn og hneptur í fangelsi og allar eigur hans gerðar

upptækar. Honum var síðan haldið í varðhaldi nokkur ár. Þó fékk hann að skrifa vinum sínum og trúbræðrum og þeim var leyft að heimsækja hann. Allan þann tíma, sem hann var í fangelsinu breiddust skoðanir hans út og fengu stöðugt fleiri áhangendur. Loks ásetti stjórnin í Persíu sér að eyðileggja hreyfinguna með því að taka hina helztu Babista af lífi. 1850 byrjuðu ofsóknir, sem knúðu Babistana til að taka upp vopn og verja sig. En þeir gátu ekki reist rönd við herliði stjórnarinnar og voru yfirunnir, stundum með svikum, og strádrepnir. Mirza Ali Múhammad var tekinn úr fangelsinu, sem hann var í, fluttur til borgarinnar Tabriz og skotinn þar ásamt einum vini sínum og fylgjanda. Líkamir þeirra voru látnir hanga uppi á almanna-færi, þangað til þeim var náð af vinum þeirra og grafnir.

Áður en Mirza Ali Múhammad dó hafði hann útnefnt einn af fylgjendum sínum til að vera eftirmaður sinn. Sá var nefndur Subhiezel, sem þýðir morgun eilífðarinnar. Subhiezel var ungur og lítt reyndur, lærdómsmaður og draumsjónamaður mikill. Þegar hann var orðinn leiðtogi hreyfingarinnar byrjaði hann að safna saman og gefa út það sem hafði verið ritað um hina nýju trú. Ýmsir fleiri komu fram og þóttust vera eftirmenn Mirza Ali Múhammads og olli það sundurlyndi meðal Babistanna sjálfra. Þó breiddist trúin stöðugt út og stóð rétt-trúuðum Múhamedstrúarmönnum mikill stuggur af henni. Tveimur árum eftir dauða Mirza Ali Múhammads byrjuðu aftur voðalegar ofsóknir gegn öllum Babistum. Þrír þeirra höfðu gert sig seka í samsæri að ráða Sha-inn (Konung Persa) af dögum. Það mishepnaðist, en persneska stjórnin ásetti sér að taka alla Babista leiðtoga af lífi. Tuttugu og átta þeirra voru drepnir í einu, eftir að hafa verið þínir voðalega, og mesti fjöldi Babtrúarmanna misti lífið. En þrátt fyrir ofsóknirnar fékst enginn þeirra til að ganga af trúnni. Með þessari dæmafáu staðfestu unnu þeir marga nýja áhangendur; og ofsóknirnar urðu að eins til þess að útbreiða trú þeirra enn þá meira.

Subhiezel og nokkrir aðrir komust undan til Bagdad, sem til heyrir tyrkneska ríkinu. Þar höfðust þeir við í ellefu eða tólf ár og unnu að útbreiðslu trúarinnar í Persíu; veittist þeim

Það létt vegna þess hve nálægt þeir voru landamærunum. Hálfbróðir Subhiezel, Baha að nafni, hafði að mestu leyti á hendi stjórn allra mála og komst hann til álits og valda, enda þó Subhiezel sjálfur væri viðurkendur sem hinn rétti eftirmaður Mirza Ali Múhammads. Vegna þess hvað mikið þeim varð ágengt kom persneska stjórnin því til leiðar, að þeir voru reknir frá Bagdad, og lét tyrkneska stjórnin setja þá niður í Adríanópél á Tyrklandi; Þar voru þeir nær því fjögur ár. Þar byrjaði deila, sem klauf flokkinn í tvo hluta. Baha kvaðst vera hinn rétti eftirmaður stofnandans, og margir fylgdu honum. Aftur á móti vildi Subhiezel ekki viðurkenna að það væri rétt, þar sem hann sjálfur hafði verið útnefndur, og hann hafði fylgi flestra hinna eldri, sem höfðu verið lærisveinar Mirza Ali Múhammads. Með tímanum snerust samt æ fleiri til fylgdar við Baha. Þessi deila varð til þess, að tyrkneska stjórnin lét enn á ný flytja leiðtogana úr stað. Var Subhiezel og þeir sem honum fylgdu fluttir til eyjarinnar Kýprus, en Baha og hans fylgjendur til Akka á Sýrlandi. Baha varð upp frá því aðalleiðtogi flokksins. Subhiezel og nokkrir aðrir hafa til skamms tíma lifað á Kýprus, en ekki haft nein áhrif. Þeir skoðuðu sjálfa sig sem hina rétt-trúuðu Babista, en hina alla sem uppreistarmenn.

Með yfirráðum Bahas byrjar nýtt tímabil í sögu Babtrúarinnar. Hann breytti kenningunum allmikið; feldi úr dulspækis- skoðanir þær sem einkendu trúna áður og bætti við siðferðislegum kenningum. Hann réði fylgjendum sínum til að sýna persnesku stjórninni sem minstan mótþróa, og forðast að verða orsök til nýrra ofsókna. En ef ofsóknir ættu sér stað, þá að þola þær mótstöðulaust. Ofsóknir hafa þó sér stað við og við síðan, sú síðasta árið 1903, en þær hafa ekki verið eins víðtækar og þær fyrri. Baha dó árið 1892. Hann útnefndi einn sona sinna, Abbas Efendi til leiðtoga eftir sig. Aftur kom upp deila um æðsta prests embættið; bróðir hans gerði einnig tilkall til þess, og skiftust fylgjendurnir á milli þeirra. Abbas Efendi varð þó yfirsterkari með tímanum og var af flestum viðurkendur sem hinn rétti forstöðumaður flokksins.

Babtrúin hefir náð langmestri útbreiðslu í Persíu, þar hefir

hún mjög marga fylgjendur. En einnig í öðrum Múhamedstrúarlöndum finnast Babistar, og í Ameríku eru nokkur þúsund. Til Ameríku barst trú þessi 1892 með sýrlenzkum manni, sem hélt fyrirlestra um hana í Chicago. Það virðist sem Babtrúin grafi æ meira og meira um sig innan Múhamedstrúarinnar, og því hefir verið spáð, að hún ef til vill útrými Múhamedstrúnni með tímanum.

Helzta kenning Babtrúarinnar er kenningin um guð og opinberun hans í heiminum. Að eins einn guð er til og hann er óþekktanlegur. Alt sem er til er útgengið frá honum. Spámennirnir, þ. e. allir miklir trúarbragðalegir leiðtogar og kennarar eru ORÐ guðs. Þeir koma frá guði og hverfa aftur til hans á annan hátt en aðrir menn. Þegar miklir spámenn koma fram opinberast guð heiminum; þess á milli er hann hulinn. Sá Babtrúar spámaður eða leiðtogi, sem uppi er, er ávalt hin síðasta guðlega opinberun, hann er HLIÐIÐ, sem hinn guðlegi máttur og vísdómur kemur í gegnum inn í heiminn.

Síðakenningar Babtrúarmanna eru miklu mildari og mannúðlegri en síðakenningar Múhamedstrúarmanna. Hjálpssemi og líkn við alla bágstadda er boðin. Bannað er að hafa hjákonur, og konum er ætlað miklu meira frelsi en á sér stað meðal Múhamedstrúarmanna. Hjúskaparlíf er haft í heiðri, og fólk hvatt til að giftast ungt. Karlmönnum er bannað að drekka vín og reykja ópíum.

En saman við þessar kenningar er blandað ýmsum hindurvítnum. Áður en Baha kom til sögunnar var mikil áherzla lögð á ýms dularfull trúaratriði og útskýringar þeirra. Þó kenningarnar yrðu einfaldari og meira snertandi daglegt líf vegna breytinga þeirra, sem hann gerði á þeim, er þó allmikið eftir af dularkendum hugmyndum. T. d. trú á sérstaka helgi tölunnar 19. Enn fremur er trúin á afturkomu sálna sumra manna, að því er virðist, skyld indversku trúnni á sálnaflakk eftir dauðann. En þrátt fyrir allar slíkar hugmyndir, sem eru eiginlegar flestum Austurlanda trúarbrögðum, eru aðalckenningar Babtrúarinnar há-

leitari og göfugri en kenningar Múhamedstrúarinnar, sem hún hefir átt í höggi við; og sjálsagt á útbreiðsla þeirra nokkurn þátt í upplýstingu þeirra þjóða, sem þær breiðast út á meðal.

Nótt úti í hafi.

Það er nótt úti' í hafi. Það er dimt yfir djúpinu og kalt, því dagurinn hvarf inn í rökkrið og breyttist í nótt, og hafgýjan þegir og hnípið og svefnlegt er alt, það heyrst ei neitt nema öldufall sveljandi sljótt. En tígulegt fley siglir þjótandi öldunum á og utan úr myrkrinu beinir það stefni í höfn, og nauðandi sægolan syngur í stögum og rá og samhljóma leikur við grunntóna í byltandi dröfn.

Það er nótt úti' í hafi. Ó, blunda þú barnið mitt rótt, dreyrn um hjartari heima en augu þín kring um þig sjá. Hvorki óhægð né kuldi skal ónáða svefn þinn í nótt og ekkert að hræðast þeim veltandi stórsjóum frá. Og hvíldu þig skipverji, er treystir á megn þinn og mátt á meðan þig öldurnar bera að ókunnri strönd, Ó, sofna þú skartsney og augu þín aftur legg brátt, er aftur þú vaknar þú máske sérð fram undan lönd.

Það er nótt úti' í hafi og alt er sem boði á ilt, því að kemur dauðinn og þrífur sér stjórnvöl í mund. Úr dulrænum heimkynnum hefir hann fleytuna grilt og hyggur sér vænlegt til bráðar á þessari stund. Þey! Öldurnar lægja sinn ofsa. Það ríður að högg, og alt nemur staðar, en hjörtun í brjóstunum slá; og áður en varir er umbreyting váleg og snögg, og eimknörinn sogast í hyljúpinn gínandi blá.

Það er nótt úti í hafi, og dimt yfir djúpinu og kalt,
 í dauðanum hlakkar, sem rándýri er leikur við bráð,
 er voðinn og lífspráin vega á öldunum salt
 og veinandi deyjendur hrópa á miskunn og náð.
 Þar eigast við lífið og dauðinn um drykklanga stund,
 svo dettur alt niður og verður svo sviþlega hljótt.
 Og dauðinn af hólminum heldur með sigur í mund,
 því honum varð vænlegt til bráðar á þessari nótt.

Það er morgun á hafinu. Dökkleitu slæðuna dró
 frá djúpinu sólin, og lítur nú hafflötin á,
 þars hálfstirðnuð lík sökkva í hundraða tali í sjó,
 en hafmærin grátandi kveður við sæbarinn ná.
 Og uppi í landi er harmur og söknuður sár,
 þars syrgjendur trega sinn ástvin og framtíðar von,
 og ekkjan og smábörnin fella yfir föðurnum tár,
 en faðir og móðirin harma sinn ástfölginn son.

Lauslega kveðið úr ensku af E. Á.



Vilhjálmur í mylnunni.

SAGA EFTIR ROBERT LOUIS STEVENSON.

DAUÐINN.

Hinir dauðu voru hjá honum, ekki að eins í endurminning-
 unum eins og þær líða fram hjá, heldur næstum áþreifanlegir,
 eins og í mjög ljósum draumi. Ungi maðurinn feiti studdi oln-
 bogunum á borðið á móti honum; Margrét gekk á milli garðsins
 og skálans með svantu sína fulla af blómum; honum heyrðist

gamli presturinn slá öskuna úr þípunni sinni og snyta sér. Meðvitund hans reis og lækkaði á víxl: stundum var hann hálfsofandi og niðursokkinn í endurminningar sínar, stundum glaðvakandi og undrandi yfir sjállum sér. En um miðja nóttina hrökk hann upp við það, að honum heyrðist dauði malarinn kalla til sín frá húsinu, eins og hann var vanur að gera, þegar einhver gestur kom. Skynvillan var svo fullkomin að Vilhjálmur stóð á fætur og stóð og hlustaði eftir að kallið væri endurtekið; og á meðan hann hlustaði fanst honum hann heyra einhvern hávaða annan en árnóðinn. Hávaðinn var líkastur hófaskellum og marri í aktýggjum, eins og að vagn með ólmum hestum fyrir hefði verið stöðvaður á veginum fyrir framan garðshliðið. Það var fjarstæða að hugsa sér að nokkur maður væri á ferðinni að næturlagi á jafn hættulegum vegi, og Vilhjálmur hætti að hugsa um það og settist aftur á stólinn í laufskálanum; svefninn seig yfir hann aftur líkt og hægt rennandi vatn. Aftur vaknaði hann við það að honum heyrðist dauði malarinn kalla, herra og draugalegar en fyr; og aftur heyrði hann vagnskrölt á veginum. Svona gekk það þrisvar eða fjórum sinnum, sami draumurinn eða myndanin kom yfir hann, þar til loksins hann fór fram að hliðinu, brosandí að sjálfum sér eins og skelkuðu barni, til að binda enda á óvissu sína.

Það var örskamt frá laufskálanum út að hliðinu, en samt var Vilhjálmur all-lengi á leiðinni; það var eins og að dauðir menn flyktust alt í kring um hann í garðinum og þvældust fyrir honum í hverju spori. Hann undraðist yfir því að honum fanst hann finna sterkan ilm af sólfylgju; líkt og garðurinn væri enda á milli vaxinn þessu blómi, og að hlýja, raka næturloftið hefði snögglega dregið í sig allan ilm þeirra. Sólfylgjan hafði verið uppáhaldsblóm Margrétar, og síðan hún dó hafði hún aldrei verið látin vaxa þar í garðinum.

“Ég hlýt að vera að missa vitið”, hugsaði Vilhjálmur. “Veslings Margrét og sólfylgjurnar hennar!”

Honum varð litið upp í gluggann á herberginu, sem hún hafði einu sinni búið í. Undrun hans snérist í ótta; það var ljós í herberginu, glugginn leit út eins og ljósrauður aflangur

blettur í myrkrinu, nákvæmlega eins og hann hafði gert fyrir mörgum árum, er hann stóð undir honum og horfði á hann; eitt hornið á gluggablæjunni lyftist upp og féll niður aftur, eins og þegar hann stóð þar forðum og hrópaði upp í loftið í vandræðum sínum. Missýningin varaði að eins augnablik; en hún dró úr honum kjark. Hann strauk hendinni um augun og horfði á húsið og út í náttmyrkrið. Á meðan hann stóð þar, og honum fannst hann standa þar æði lengi, heyrði hann aftur hávaðann á veginum; hann leit við og sá ókunnugan mann koma gangandi yfir garðinn til sín. Eitthvað, sem líktist stórum vagni, var sjáanlegt á veginum á bak við ókunnuga manninn, og lengra í burtu topparnir á nokkrum dökkleiturum furutrjám, líkt og fjaðraskúfar.

„Vilhjálmur, veitingamaður?“ spurði sá aðkomni fljótt og skilmerkilega.

„Ég er hann“, svaraði Vilhjálmur. „Get ég gert nokkuð fyrir þig?“

„Ég hef heyrt marga um þig, herra Vilhjálmur,“ svaraði hinn, „marga og gott. Og þó ég hafi meira en nóg að gera, langar mig til að drekka eina flösku af víni með þér í laufskálanum þínum. Ég mun segja þér hver ég er áður en ég fer.“

Vilhjálmur gekk á undan til laufskálans. Hann náði í lampi og kveikti ljós, og tók síðan tappann úr flösku. Hann var ekki algerlega óvanur við þess konar heimsóknir, og hann gerði sér ekki vonir um að þessi mundi verða á nokkurn hátt merkileg. Því hann hafði oft orðið fyrir vonbrigðum. Hugsun hans var hálf sljóf og hann veitti því enga eltirtekt hvað tíminn var óvanlegur fyrir gesti að koma. Hann var eins og maður sem gengur í svefni. Ljosið lifnaði og tappinn kom úr flöskunni með óvenjulegum hraða, eins og það væri hugsað en ekki gert. Samt langaði hann til að sjá framan í gestinn og reyndi að láta ljosið falla á andlit honum; en annaðhvort fór hann klaufalega með lampann eða það var móða fyrir augunum á honum; hann sá lítið meira en skugga við borðið. Hann starði á þennan skugga meðan hann þurkaði glösin, og hann hafði einkennilega ónota tilfinningu fyrir hjartanu. Þögnin lá á honum eins og

bjarg, því nú heyrði hann ekkert, jafnvel ekki árnidinn — ekkert nema högg slagæðanna í eyrunum á sér

“Hér drekk ég skál þína”, sagði aðkomumaðurinn fremur branalega.

“Ég er reiðubúinn til þjónustu”, sagði Vilhjálmur, og saup á víninu, sem var eitthvað einkennilegt á bragðið.

“Mér skilst að þú sért mjög ákveðinn maður”, hélt sá ókunnugi áfram.

Vilhjálmur svaraði með ánægjubrosi og kinkaði ofurlítið kalli.

“Það er ég líka”, hélt hinn áfram; “og ég hefi ekki eins mikla ánægju af neinu sem því að meiða tilfinningar annara. Ég vil ekki að neinn sé ákveðinn nema ég sjálfur, ekki einn einasti. Ég hefi sett mig um dagana upp á móti vilja konunga, hershöfðingja og listamanna. Og hvað heðir þú um það að segja”; hélt hann áfram, “ef ég væri hingað kominn til að lægja þinn vilja?”

Það var rétt komið að Vilhjálmi að svara einhverjum ónotum; en veitingamanns kurteisinn varð yfirsterkari; hann hætti því við það og bandaði hendinni kurteislega.

“Ég er til þess kominn”, svaraði gesturinn. “Og ef ég hefði ekki sérstaklega mikið álit á þér, þá mundi ég ekki hafa nein orð um það. Það virðist sem þú sért mjög upp með þér af því að vera þar sem þú ert; þú ætlar ekki að yfirgefa veitingahúsið þitt. Ég ætlast til þess að þú komir með mér í vagninum; og áður en þessi flaska er tóm, skaltu mega til”.

“Það væri þó sannarlega skritið”, sagði Vilhjálmur og hló. “Ég hefi fest rætur hérna eins og gamalt eikatré, maður minn; sjálfur djöfullinn gæti varla slitið mig upp; og eftir því sem ég fæ bezt séð ert þú mjög skemtilegur maður, ég þori að veðja vínflösku, að þú hefir ekki þolinmæði til að eiga við mig”.

Móðan fyrir augunum á Vilhjálmi hafði orðið æ dimmari; en samt fann hann að það var horft á hann fast og kuldalega, sem erti, en þó um leið yfirbugaði hann.

“Þú þarft ekki að halda”, sagði hanu alt í einu með svo hárrí og skjálfandi rödd að honum varð sjálfum hverft við, “að

ég haldi kyrru fyrir heima vegna þess að ég óttist nokkuð í heiminum. Guð veit að ég er þreyttur orðinn á lífinu, og þegar tími er kominn til að takast á hendur lengri ferð en þig dreymir um, þá býst ég við að verða ferðbúinn”.

Gesturinn tæmdi glasið sitt og ýtti því frá sér. Hann horfði niður fyrir sig dálitla stund, svo laut hann yfir borðið og snerti handlegginn á Vilhjálmi með einum fingri. “Tíminn er kominn!” sagði hann hátíðlega.

Sár titringur breiddist út frá blettinum, sem hann snerti. Röddin var þung og skelfandi, og bergmálaði ónotalega í hjarta Vilhjálms.

“Ég bið fyrirgefningar”, sagði hann nokkuð óþolinmóðlega. “Við hvað áttu?”

“Horfðu á mig og þú munt finna að þú sérð alt í móðu; lyftu upp hendinni, hún er blýþung. Þetta er síðasta vínflaskan, sem þú drekkur, og síðasta nóttin þín á jörðunni!”

“Þú ert læknir?” sagði Vilhjálmur með skjálfandi rödd.

“Sá bezti sem til er”, svaraði hinn; “því ég lækna bæði sál og líkama með sömu aðferðinni. Ég tek í burtu allan sársauka og ég fyrirgef allar syndir; og þegar sjúklingar mínir hafa aðhafst eitthvað rangt í lífinu, þá greiði ég úr öllum vandræðum og reisi þá aftur frjálsta á fætur”.

“Ég þarf þín ekki með”, sagði Vilhjálmur.

“Sá tími kemur yfir alla menn”, svaraði gesturinn, “er stýrið er tekið úr höndum þeirra. Vegna þess að þú ert hygginn og hæglátur hefir sá tími komið seint yfir þig, og þú hefir lengi þurft að undirbúa þig fyrir komu hans. Þú hefir séð alt sem hægt er að sjá umhverfis mylnuna þína; þú hefir setið kyr alla þína daga, eins og héri í holu sinni; en nú er það búíð; og” bætti læknirinn við um leið og hann stóð á fætur, “þú verður að standa upp og koma með mér”.

“Þú ert undarlegur læknir”, sagði Vilhjálmur og horfði fast á gest sinn.

“Ég er náttúruleg mál”, svaraði hann, og fólk kallar mig Dauða”.

“Hvers vegna sagðirðu mér það ekki strax?” hrópaði Vil-

hjálmur. Ég hefi beðið eftir þér í mörg ár. Réttu mér hendina og vertu velkominn”.

“Styddu þig við mig”, svaraði gesturinn, “því styrkur þinn er farinn að þverra. Styddu þig alt sem þú þarft; því þó ég sé orðinn gamall er ég samt sterkur. Það er ekki nema fáein spor út að vagninum, og þar fá öll þín mein enda. Heyrðu Vilhjálmur”, hélt hann áfram, “ég hefi þráð þig, eins og þú værir minn eigin sonur; og ég hefi ekki komið eins fúslega eftir neinum af öllum þeim mörgu, sem ég hefi sótt um dagana. Ég er napur og fólki er stundum hálf illa við mig ‘yrist í stað; en undir niðri er ég góður vinur þinna líka”.

“Síðan Margrét dó”, svaraði Vilhjálmur, “hefir þú, það veit guð, verið eini vinurinn, sem ég hefi getað búist við”.

Þeir gengu hver við hlið annars yfir um garðinn.

Einn af vinnudrengjunum vaknaði um þetta leyti og heyrði hófaskelli á veginum áður en hann sofnaði aftur. Alla leið niður eftir dalnum, þá nótt var þytur, eins og af hægum, stöðugum vindi, er færðist nær sléttunni; og þegar heimurinn vaknaði næsta morgun, þá gátu allir séð, að Vilhjálmur í Mylnuui hafði að lokum lagt af stað í ferðalag sitt.



Sameining kyrkna.

(Lauslega þýtt úr The Christian Register).

Allir sem vilja geta séð, að tilraunir eru gerðar til að sameina hina tvístruðu kristnu kyrkjuflokka. Rómversk-kaþólska kyrkjan er reiðubúin til þess og biskupakyrkjan enska er áfram um það; biskupakyrkjan í Ameríku býður vissa kosti öllum, sem vilja sinna þeim; og meðal hinna mörgu mótmælenda kyrkju-

flokka kemur ósk eftir sameiningu opinberlega í ljós. Nú þegar er farið að sameina aðgreinda trúflokka; sérstaklega með tilliti til trúboðs, til þess að koma í veg fyrir sundurlyndi, með því að tella niður krötur til óskekulleika og séreignar á sannleikanum. Jafnvel milli Gyðinga og heidungja eru merkjalínurnar að verða ógreinilegri, og hin fornu varnarvirki trúarjátninganna að falla.

Hvar stöndum vér, fylgjendur hinnar svo nefndi frjálsu trúar, með tilliti til þessarar hreyfingar? Er nokkurt rúm fyrir oss innan takmarka sameinadrar kristni? Það er öllum augljóst að merkjalínurnar milli rétt-trúaðra og únítara eru ekki eins ákveðnar nú og fyr, á tímum baráttu og mótspyrnu. En það er einnig ómótmælanlegur sannleikur, að ef meiri hluti kristinna manna getur komið sér saman um nógu einfalda og yfirgripsmikla trúaryfirlýsingu, þá vilja allir, sem mögulega geta viðtekið hana, gera það, þó þeir þar með aðskilji sjálfa sig frá frjálsum félagsskap—með þeim, sem ekki geta gengið að skilmálunum.

Hverjir eru þá skilmálarnir, og hver verður afstaða frjálsra kristinna manna gagnvart þeim? Vísbendingu um eðli hinnar sameinandi trúarjátningar má finna í orðalagi fundaryfirlýsingar erindreka, presta og leikmanna í biskupakyrkjunni í Ameríku. Yfirlýsingin fer fram á, að tilmæli séu send til "allra kristinna kyrkjufélaga í heiminum, sem játa að drottinn vor, Jesús Kristur, sé guð og frelsari", að ganga í samband við biskupakyrkjuna. Það er gert ráð fyrir að í þessu tilboði felist kristin kenning í sem allra fæstum orðum. Það þarf ekki að taka fram, að orðalagið beinlínis útilokar únítara, og að til þess hefir verið ætlast. Únítarar notuðu oft fyr á tímum orðin: "drottinn vor Jesús Kristur". En enginn þeirra trúði að hann væri guð. Að hann væri guddómleg vera var þeim hugðnæmt trúaratriði, eins og það er eftirkomendum þeirra enn í dag. Þeir nota samt ekki orðið guddómlegur þannig, að það feli í sér þá meiningu að Jesús sé guð. Nægar heimildir má finna í Nýjatestamentinu fyrir slíkrri notkun. "Eins margir og láta leiðast af guðs anda eru guðs synir" er einn af mörgum ritningarstöðum, sem gefur til kynna vonir hinna fyrstu lærisveina. Vér vitum að sagt muni verða, að þessi orð eigi við þá sem endurleystir séu, þá sem hefjist upp

í tölu guðs barna. En þó svo sé, þá felst í því að allir menn geti orðið guðs synir og "samarfar Krists". Hingað geta allir únitatarar fúslega gengið, en þeim væri ómögulegt að játa að Jesús hafi haft nokkurn annan eða æðri guðdóm.

Enn fremur má spyrja, hvað við tæki, ef trúarjárnning eins og þessi yrði viðtekin. Auðsjáanlega yrðum vér únitatarar í tölu meiri hluta mannkynsins, sem ekki getur viðurkennt, að Jesús Kristur sé hinn eini frelsari manna, né að hann sé guð. Sú járnning, að hann sé jafn hinni alvöldu veru, sem er í öllum heimi og stýrir sólkerfum geimsins, getur um tíma sameinað þá, sem til-einka sér hana, en síðar mun hún koma í veg fyrir sameiningu og tefja fyrir samvinnu. Án allrar mótspyrnu og með einlægri ósk að starfa með öðrum að öllu því er að gagni má verða, getum vér rólegir beðið eftir fullkonnari sameiningu og samstarfi, sem mun vissulega koma. Svo margt hefir verið til hliðar lagt, svo mörgu gleymt áður en unt var að hugsa um sameiningu, að vér getum beðið lengur, þar til sá rétti tími er kominn.

HEIMIR

12 blöð á ári, 29 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.
Kostar einn dollar um árið. Orgist fyrirfram.

Gefinn út af tínu íslenska Únitáriska Kyrkjufélagi í Vesturheimi.

ÚTGÁFUFREND:

G. Árnason, ritstjóri

S. B. Brynjólfsson, ráðsmaður
Jóh. Sigurðsson

Bref og annað innihald blaðsins viðvikjandi sendist til Guðm. Árnasonar, 385 Sim-
coe St. Peninga sendingar sendist til S. B. Brynjólfssonar 623 Agnes St

THE ANDERSON CO., PRINTERS

FASTEIGNIR KEYPTAR OG SELDAR

KOMIÐ OG ATHUGIÐ hvað vér höfum að bjóða, á ýmsum stöðum í borginni, áður en þér veljið yður byggingarstæði. Vér kaupum sölu-samninga, lánum peninga út á eignarbréf fyrir bæjarlóðum. Komið til vor eftir öllu, tilheyrandi fasteignum.

WILLIAM GRASSIE

54 AIKINS BUILDING - 221 McDERMOT AVE.

PHONE 5327 - - - P. O. BOX 645

ROYAL CROWN SÁPA

er bezta sápan

Royal Crown ókeypis verðlaun

er hin beztu verðlaun

Notið sápana. Geymið umbáðirtar. Náið í verðlaunin

Sendið nú þegar eftir fallkenninum verðlaunalista.

Hann verður sendur yður að kostnaðarlausu

Biðið ekki. Byrjið nú að spara.

THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.

VERDLAUNAEILD

WINNIPEG,

CANADA

Nýttiskulegasti og endingarbezti
skófatnaður í Canada

Drjár verksmiðjur, Montreal og St. Hyacinthe

Tvær sérstakar tegundir—

“Ames Holden Skór”

“McCready Skór”

Nægar byrgðir til skjótrar útsendingar í vörugæmsluhúsi
okkar í Winnipeg

Ames Holden McCready Limited